

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 6. tbl. 11. árg. 13. september 2017

Myndir augnabliksins eru frá fræðsluferðum Húna II með nemendum grunnskóla bæjarins.



Læsisstefna Akureyrarbæjar.

Í tengslum við dag læsis þann 8. september var læsisstefna skóla á Eyjafjarðarsvæðinu kynnt og opnuð formlega. Að baki er mikil vinna sem hófst haustið 2014. Að þeirri vinnu komu leik- og grunnskólar á svæðinu, fræðsluvið Akureyrarbæjar og Miðstöð skólaþróunar við HA. Megintilgangur læsisstefnunnar er að efla læsi í víðum skilningi og stuðla að skapandi og gagnrýnni hugsun barna.

Hér er tengill á læsisstefnuna: <http://lykillinn.akmennt.is/>



Norræna skólahlaupið í Giljaskóla.

Norræna skólahlaupið var sett í Giljaskóla á Akureyri föstudaginn 8. september. Hlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið árið 1984 og er haldið í 34. skipti í ár. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Hlaupið var vel skipulagt af Giljaskóla og tóku yfir 400 nemendur og starfsmenn þátt.

Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ sagði nokkur orð við setningu hlaupsins. Hún afhenti skólustjóra Giljaskóla, Jóni Baldvini Hannessyni, nokkra bolta að gjöf. Sandra María Jessen landsliðskona í knattspyrnu og leikmaður Þórs/KA spjallaði við krakkana við setningu hlaupsins, en hún var nemandi Giljaskóla í tíu ár. Hún talaði um mikilvægi hreyfingar og þess að hreyfa sig á einhvern hátt, sama hvort um væri að ræða skipulagða íþróttaiðkun eða göngutúr með vinum. Blossi, lukkudýr Smáþjóðaleikanna 2015, var á staðnum og hvatti krakkana áfram í hlaupinu. Mjólkursamsalan, sem hefur styrkt hlaupið frá upphafi, gaf krökkunum ískalda mjólk í lok hlaupsins.




Markmiðið með Norræna skólahlaupinu er að hvetja nemendur til að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og velliðan. Á síðasta ári tóku rúmlega 15.000 grunnskólanemendur frá um 63 skólum á Íslandi þátt í hlaupinu og hlupu til samans um 40 hringi í kringum landið, en hægt er að velja um þrjár vegalengdir 2,5, 5 og 10 kílómetra. Árið 2015 tengdist verkefnið í fyrsta sinn Íþróttaviku Evrópu, sem er verkefni á vegum Evrópuráðsins. Af því tilefni var bryddað upp á þeirri nýjung að draga út þrjá skóla sem tóku þátt í Norræna skólahlaupinu og luku hlaupinu fyrir lok september. Sá hátturinn var einnig árið 2016. Til mikils er að vinna í ár, eins og önnur ár, ef skólar ljúka hlaupi fyrir lok september því þrjú skólar fá 100.000 króna inneign í Altis. Altis selur vörur til íþróttaiðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu.

Verkefnið nýtur stuðnings ÍSÍ, Mjólkursamsölnunnar og Evrópuráðsins, og er í samvinnu við Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands.

Fjör í fimleikahúsinu.

Gaman í fyrsta tíma vetrarsins í fimleikahúsinu við Giljaskóla, hér má sjá börnin á Sóleyju Kiðagili skemmta sér konunglega. Það var hoppað, skoppað, hlaupið og hlegið. Allir komu vel sveittir og þyrstir til baka á Kiðagil. Það verður mjög gaman að fara aðra hverja viku í fimleikahúsið í vetur.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Göngudagur í blíðviðri.

Þriðjudaginn 5. september var göngudagur í Oddeyrarskóla. Að þessu sinni var ákveðið að enda öll á sama stað, á útivistarsvæðinu að Hömrum. Nemendur á mið- og unglíngastigi gengu af Brekkunni upp í Fálkafell, þaðan suður í Gamla og svo niður að Hömrum. Yngsta stigið gekk úr Naustahverfinu í gegnum Naustaborgir að Hömrum. Á áfangastað fengu allir nemendur grillaðar pylsur og safa. Veðrið lék við alla og gleðin skein af krökkunum, eins og sjá má á myndum úr ferðinni. [Sjá myndir](#)



Söngvafloð.

Er nafn á samstarfsverkefni allra grunn- og leikskóla Akureyrarbæjar við Tónlistarskólann á Akureyri. Samstarfið felst aðallega í því að tónlistakennarar heimsækja skólana og kenna skemmtilega söngva.

Hægt er að fylgjast með verkefninu á: <http://www.tonak.is/is/tonafloð>



Hér má sjá myndir frá Íðavelli og Tröllaborgum

Nýtt efni frá Menntamálastofnun.

Tónlist og Afríka – flettibók.

Námsefnið *Tónlist og Afríka* er hluti af bókaflökki í tónmennt fyrir yngsta stig grunnskólans. Það er einkum ætlað nemendum í 3.–4. bekk þótt vissir hlutar þess henti yngri og eldri nemendum. Í kennarabókinni er geisladiskur með hlustunarefni.

Höfundur: Helga Vilborg Sigurðardóttir og Ólafur Schram.

Myndefni: Pétur Atli Antonsson.

Tónlist og umhverfi – flettibók.

Tónlist er hluti af öllu sem er. Hún er í hjarta okkar, hugsunum og tilfinningum. Tónlistin er í umhverfinu, náttúrunni og jafnvel geimnum. Hún leikur stórt hlutverk í lífi okkar á hverjum degi. Þetta námsefni fjallar um tónlist og umhverfi. Um það hvernig tónlistin kemur til okkar úr ýmsum áttum og hvernig við getum búið hana til á svo margan hátt. Kennsluleiðbeiningar fást með bókinni og þeim fylgir hlustunarefni á CD.

Höfundur: Pétur Hafþór Jónsson og Þórdís Sævarsdóttir.

Myndefni: Pétur Atli Antonsson.

Blessað stríðið – rafbók.

„*Blessað stríðið*“ er þemahefti sögu í bókaflöknum Sögugáttin. Bókin fjallar í stórum dráttum um það hvernig íslenskt samfélag breyttist á tímum seinni heimsstyrjaldar. Íslendingar kölluðu seinni heimsstyrjöldina stundum „Blessað stríðið“ vegna þeirrar hagsældar sem varð hér á landi á meðan á því stóð og í kjölfar þess. Í þemaheftinu er einnig fjallað um þátt Íslands í stríðinu og helstu breytingar sem gengu yfir íslenskt samfélag.

Höfundur: Árni Stefn Guðjónsson og Hilmar Þór Sigurjónsson

Myndefni: Freydis Kristjánsdóttir

Sjá nánar á: <https://www.mms.is/>